



Knattspyrnudeild Þórs
Sveinn Elías Jónsson, formaður
Reimar Helgason, framkvæmdastjóri

Reykjavík, 26. júní 2024

Úrskurður: Skýrsla eftirlitsmanns á leik Þórs og Stjórnunnar þann 12. júní 2024

Á fundi aga- og úrskurðarnefndar KSÍ þann 25. júní 2024, var tekin fyrir skýrsla frá eftirlitsmanni á leik Þórs og Stjórnunnar í Mjólkurbikarkeppni karla sem fram fór þann 12. júní sl. Í samræmi við ákvæði 6.1. í reglugerð KSÍ um aga- og úrskurðarmál úrskurðar nefndin m.a. um þau atriði, sem fram koma í atvikaskýrslum eftirlitsmanna KSÍ í leikjum í bikarkeppni KSÍ. Skýrsla eftirlitsmanns í framangreindum leik er svohljóðandi:

„Framkoma stuðningsmanna Þórs ekki góð með gjallarhorn. Með leiðinleg og dónaleg ummæli um dómara og þjálfara í leiknum.“

Á fundi þann 18. júní sl. leit aga- og úrskurðarnefnd svo á að atvik sem lýst er í tilvitnaðri skýrslu eftirlitsmanns, gætu varðað við grein 4.2. í reglugerð KSÍ um knattspyrnumót og/eða grein 13.9 í reglugerð KSÍ um aga- og úrskurðarmál. Sömuleiðis taldi nefndin að atvik sem lýst er í skýrslunni gætu varðað við tilmæli og reglur í handbók leikja um notkun gjallarhorna. Taldi nefndin því brýnt að falast eftir greinargerð/athugasemdum frá viðkomandi aðildarfélagi áður en málið yrði tekið fyrir.

Á fundi nefndarinnar þann 25. júní 2024 lá ekki fyrir greinargerð frá Knattspyrnudeild Þórs. Að því virtu og öðrum fyrirbyggjandi gögnum er það álit nefndarinnar að framkoma áhorfenda Þórs í framangreindum leik liðsins við Stjórnuna hafi verið vítaverð og falli undir ákvæði 13.9.d. í reglugerð KSÍ um aga- og úrskurðarmál. Ákvæðið er svohljóðandi:

„Ef forystumaður aðildarfélags, sem ekki er á leikskýrslu eða áhorfandi gerast sekir um vítaverða eða hættulega framkomu gagnvart leikmönnum, dómurum, þjálfurum eða öðrum er heimilt að sekta viðkomandi aðildarfélag um allt að kr. 200.000. Ef brot telst alvarlegt eða um ítrekun er að ræða er auk þess heimilt að setja viðkomandi lið í heimaleikjabann, þar til öryggi leikmanna, þjálfara og annarra telst tryggt.“

Með vísan til framangreinds ákvað aga- og úrskurðarnefnd KSÍ að sekta knattspyrnudeild Þórs vegna framkomu áhorfenda í leik liðsins við Stjórnuna í Mjólkurbikarkeppni karla. Þykir upphæð sektar knattspyrnudeildar Þórs hæfilega ákveðin kr. 25.000,-.

Úrskurðarorð:

Knattspyrnudeild Þórs skal sæta sekt að upphæð kr. 25.000,- til KSÍ.

Virðingarfyllt,
f.h. Aga- og úrskurðarnefndar KSÍ,

Haukur Hinriksson